

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2011

2011/EES/37/31

frá 1. apríl 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2011 frá 11. febrúar 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/409/ESB frá 19. júlí 2010 um sameiginleg öryggismarkmið sem um getur í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42ec (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 352/2009) í XIII. viðauka við samninginn:

„42ed. **32010 D 0409**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/409/ESB frá 19. júlí 2010 um sameiginleg öryggismarkmið sem um getur í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB (Stjtið. ESB L 189, 22.7.2010, bls. 19).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi er bætt við töflurnar í viðaukanum við ákvörðunina:

Eftirfarandi bætist við töfluna í lið 1.1:

Land	NRV 1.1 ($\times 10 - 9$) (*)	NRV 1.2 ($\times 10 - 9$) (**)
Noregur (NO)	4,91	0,0573

Eftirfarandi bætist við töfluna í lið 1.2:

Land	NRV 2 ($\times 10 - 9$) (*)
Noregur (NO)	0,478

Eftirfarandi bætist við töfluna í lið 1.3:

Land	NRV 3.1 ($\times 10 - 9$) (*)	NRV 3.2 (**)
Noregur (NO)	21	á ekki við

Eftirfarandi bætist við töfluna í lið 1.4:

Land	NRV 4 ($\times 10 - 9$) (*)
Noregur (NO)	3,24

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 7.4.2011, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 189, 22.7.2010, bls. 19.

Eftirfarandi bætist við töfluna í lið 1.5:

Land	NRV 5 ($\times 10 - 9$) (*)
Noregur (NO)	22,6

Eftirfarandi bætist við töfluna í lið 1.6:

Land	NRV 6 ($\times 10 - 9$) (*)
Noregur (NO)	55,2

- b) Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, skulu ekki gilda um járnbrautar-grunnvirki sem nú eru fyrir hendi á yfirráðasvæði Liechtensteins. “

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/409/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.